



# Greinargerð um þjónustu

Gerð er grein fyrir viðbúnaði og þjónustumagni meðferðarþjónustu SÁÁ árið 2019.

Samhliða er kostnaðargreining sem byggir á bókhaldi 2019.

Getið er um framlag ríkisins samkvæmt gildandi þjónustusamningum.

Sjúkrahúsið Vogur heildarkostnaður .....	bls. 2-3
Viðhaldsmeðferð vegna óþióíðafíknar .....	bls. 4
Ungmennameðferð .....	bls. 5
Vík á Kjalarnesi .....	bls. 6
Göngudeildir .....	bls. 7
Heildstæð heilbrigðisþjónusta .....	bls. 8
Ártöl úr sögu SÁÁ .....	bls. 9

## SJÚKRAHÚSIÐ VOGUR

Kostnaður við rekstur Vogs er  
**983.611.283 kr.**

Ríkisframlag er  
**796.072.800 kr.**



Um heilbrigðisþjónustu á Vogu gilda tveir þjónustusamningar, einn um áfengis- og vímuefnameðferðina og annar um viðhaldsmeðferð vegna óþióíðafíknar.

Ekki gildir sérstakur þjónustusamningur um ungmennameðferðina en í þjónustusamningi um Vog eru skilgreind 50 rúm fyrir almenna deild og 10 rúm fyrir ungmennadeild.

## MEÐFERÐARSTÖÐIN VÍK

Kostnaður við rekstur Víkur er  
**374.328.653 kr.**

Ríkisframlag er  
**232.727.200 kr.**



Ný og sérhönnuð meðferðarstöð SÁÁ á Vík á Kjalarnesi var tekin í notkun 2017. Öll inniliggjandi framhaldsmeðferð SÁÁ er nú á sama stað, í húsum sem uppfylla nútímakröfur um aðbúnað og öryggi sjúklinga.

Samkvæmt þjónustusamningi er meðferð á Vík skilgreind sem dagdeild. Embætti landlæknis lítur samt sem áður á þjónustuna sem inniliggjandi meðferð með tilheyrandi kröfum.

## GÖNGUDEILDIR

Kostnaður við rekstur göngudeilda er  
**195.926.865 kr.**

Ríkisframlag er  
**100.000.000 kr.**



Rekstur göngudeilda SÁÁ hófst árið 1978. Þjónustusamningur milli Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og SÁÁ var fyrst gerður 2002. Sjúkratryggingar Íslands tóku við samningsumboðinu fyrir hönd ríkisins árið 2009.

Frá árinu 2014 var göngudeildin rekin án framlags frá ríkinu. Gerður var tímabundinn samningur fyrir árið 2019. Óvíst er um framhaldið.

# Sjúkrahúsið Vogur

## Meðferðarþjónusta 2019

2.137 innlagnir  
1.624 einstaklingar

### ● Sérhæfð meðferð við fíknsjúkdómi hjá SÁÁ lýtur faglegum kröfum

Gott aðgengi er að meðferðinni sem er lykilatriði. Meðferðin leggur áherslu á fíknsjúkdóm sem margþátta sjúkdóm sem hægt er að meðhöndla.

Hún er byggð á læknisfræðilegum greiningum, afeitrun með fagfólki, lyfjameðferð og einstaklingshæfðri sálfélagslegri meðferð.

Meðferðin grípur inn í fylgikvilla, þ.e. líkamlega, geðræna og félagslega. Skimað er fyrir smitsjúkdómum, notuð er sérhæfð viðtalstækni fyrir mismunandi þarfir og einnig er dagleg fræðsla og hópmeðferðir sem eru kynja- og aldurskiptar. Lögð er áhersla á eftirfylgni og fjölbreytt úrræði til reiðu.

Mismunandi hópar fá mismunandi úrræði.

### ● Afeitrun og greining

Á Sjúkrahúsinu Vogu eru rúm fyrir um 60 sjúklinga. Innlagnir eru 6-7 á dag, alla daga ársins, fleiri en 2.100 ár hvert. Meðalaldur er 38 ár. Árlega koma um 500-600 einstaklingar í fyrsta sinn í meðferð, frá öllum landshlutum, og svo hefur verið í áratugi.

Á Sjúkrahúsinu Vogu fá sjúklingar afeitrun og greiningu. Læknir leggur mat á meðferðarþörf strax við móttöku. Flestir eru undir áhrifum vímuefna eða í fráhvörfum við komu. Fráhvarfsmeðferð er veitt af læknum og hjúkrunarfræðingum. Á sérstökum sjúkragangi, Gátinni, á Vogu eru 11 sjúkrarúm fyrir veikustu sjúklingana.

Hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og áfengis- og vímuefnaráðgjafar eru til staðar allan sólarhringinn. Læknir er einnig á vakt á sjúkrahúsinu alla daga vikunnar og á bakvakt kvöld og nætur.

### ● Sálfélagsleg meðferð

Hefst samhliða fráhvarfsmeðferð og miðar að bata án vímuefna. Sálfélagslega meðferðin er fólgin í fræðslu um fíknsjúkdóminn, hópmeðferð til að styðja við innsæi, og sérsniðnum verkefnum sem treysta grunninn að breyttum lífsstíl. Áhugahvetjandi samtalið styður sjúklinga til að ná meðferðarmarkmiðum sínum.

### ● Þverfaglegt teymi

Að baki meðferðinni standa heilbrigðisstarfsmenn úr stéttum áfengis- og vímuefnaráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, lækna, sjúkraliða og sálfræðinga. Metin er þörf hvers einstaklings frá byrjun og veitt meðferð eftir því sem við á, við fráhvörfum, fíknsjúkdómi, geðrænum einkennum og líkamlegum fylgikvillum. Meðferðin veitir allt frá fyrstu aðhlyningu til útskriftaráætlunar.

### ● Einstaklingshæfð meðferðaráætlun

Er gerð í samvinnu við sjúklinginn þar sem tekið er tillit til kyns, aldurs, félagslegra, líkamlegra og geðrænna þarfa. Sálfélagslega meðferðin er kynjaskipt til að skapa öryggi og næði til að ræða viðkvæm mál og styrkja félagsleg tengsl meðal kvenna/karla.

**Heildarkostnaður** við rekstur Sjúkrahússins Vogs eru rúmar **983 milljónir króna**

Ríkisframlag er **796.072.800 kr.**

Kostnaður á **legudag** er **45.575 kr.** miðað við 21.582 legudaga á ári

**Launakostnaður** er um **70%** af heildarkostnaði

Mönnun	Stöðugildi
Læknir	3,68
Hjúkrunarfræðingur	9,89
Sjúkraliði	9,90
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi	21,15
Sálfræðingur	1,90
Félagsráðgjafi	0,51
Læknaritari	4,06
Eldhús	7,00
Ræsting	3,50
Þvottahús	1,05
Stoðþjónusta	3,80
<b>Samtals</b>	<b>66,44</b>

<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>711.149.170</b>
---------------------------------	--------------------

<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>272.462.113</b>
----------------------------------	--------------------

Sjá sundurliðaðan rekstrarkostnað á næstu síðu 

<b>Heildarrekkstrarkostnaður</b>	<b>983.611.283</b>
----------------------------------	--------------------

Þar af viðhaldsmeðferð	76.745.845
------------------------	------------

Þar af ungmennameðferð	110.462.827
------------------------	-------------

# Sjúkrahúsið Vogur

## Meðferðarþjónusta frh.

### ● Kynjaskipting hefur aukist á Sjúkrahúsinu Vogu

Nú eru allir meðferðarhópar kynjaskiptir (nema ungmenna-meðferðin), einnig svefngangar á neðri hæð þar sem konur eru á sérstökum gangi. Sameiginleg rými í fyrirlestrasal og matsal eru kynja- og aldursskipt.

### ● Gangur meðferðar

Teymið fylgist náið með framförum hvers og eins, hjúkrun er mikil í upphafi til að greina og meta fráhrarfsmeðferð og heilsu, lækna meta sjúklinga daglega, sem taka þátt í sálfélagslegu meðferðinni um leið og þeir hafa getu til.

Meðaldvöl er 10 dagar, og má reikna með því að hver sjúklingur hafi þá sótt um 29 fræðsluerindi, stundað 8 hópmeðferðir og unnið sérverkefni, og fengið a.m.k. 5 einstaklingsviðtöl til undirbúnings fyrir næstu skref í endurhæfingu og virkni í lífi og starfi.

### ● Læknar SÁÁ

Hjá SÁÁ vinna 4 sérfræðilæknar í 3,5 stöðugildum, sérfræðingar í lyflækningum, öldrunarlækningum, fíknlækningum og geðlækningum, auk 1-2 almennra lækna.

### ● Þjónusta við þá sem sprauta í æð

Þeir sem sprauta vímuefnum í æð geta verið í lífshættu og fá meiri meðferð en aðrir, helmingi oft innlögn og biðtíminn er styttri. Mikil skaðaminnkun er í skjótu inngripi hjá þessum veika hópi.

### ● Sértaek meðferðarræði sem hefjast á Sjúkrahúsinu Vogu

Kvennameðferð  
Karlameðferð  
Ungmennameðferð  
Meðferð fyrir endurkomumenn  
Meðferð fyrir karlmenn 55 ára og eldri  
Lyfjameðferð við ópíóíðafíkn (morfínskyld lyf)  
Meðferð fyrir menn í búsetuárræði á Viðarhöfða (Vin)  
Innliggjandi langtímameðferð  
Göngudeildarmeðferð

### ● Samstarf við aðra er mikið

Lifrabólgu C verkefni  
LSH: geðdeild, meltingardeild, smitsjúkdómadeild  
Bráðamóttökur  
Heilsugæslulæknar, sálfræðingar  
Barnavernd  
Velferðarsvið sveitarfélaga  
Lögregla  
Háskólarnir  
Sjálfhjálparhópar (AA/NA/MA/Al-anon)

## Sundurliðaður rekstrarkostnaður

Rekstur	Kostnaður á ári
Lyf vegna viðhaldsmeðferðar	31.244.951
Lyfjakostnaður	20.857.630
Hjúkrunarvörur	2.112.802
Veirurannsóknir aðkeyptar	3.045.260
Annar rannsóknarkostnaður	1.168.504
Námsferðir og ráðstefnugjöld	1.559.099
Fatnaður og lín	1.005.251
Áhöld og tæki	2.765.444
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	2.571.719
Sjúkraflutningar og fl. sjúklinga	892.417
Símakostn v/vakta og sjúklinga	1.423.588
Rekstur hugbúnaðar	18.586.858
Pappír, prentun og ritföng	3.219.127
Burðar- og innheimtugjöld	3.692.694
Mötuneyti sjúklinga	28.863.195
Þvottahús	395.294
Ræsting	5.521.660
Húsaleiga	95.166.511
Annar húsnæðiskostnaður	34.466.920
Sam. kostnaður vegna stoðþjónustu	13.903.191
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>272.462.113</b>

Innlagnir á Sjúkrahúsið á Vog eru allt frá því að vera **skaðaminnkun** í það að vera upphaf að **langvinnum bata**

# Sjúkrahúsið Vogur

## Viðhaldsmeðferð vegna óþíóíðafíknar

175 einstaklingar eru á viðhaldsmeðferð  
Um 1000 læknaviðtöl á ári í göngudeild

### ● Gagnreynd lyfjameðferð við alvarlegri óþíóíðafíkn

Hún fækkar dauðsföllum, minnkar skaða og leiðir til bata vegna alvarlegrar fíknar í sterk verkjalyf. Flestir hafa sprautað lyfjunum í æð og/eða haft alvarlegar afleiðingar af lyfjaneyslunni. Lyfin sem notuð eru til viðhaldsmeðferðar eru: mixt methadone og t. buprenorphine/naloxone. Væntingar eru til að hefja notkun forðasprautu buprenorphines.

Upphaf meðferðar er á Sjúkrahúsinu Vogu. Í framhaldi er viðhaldsmeðferðin veitt og fylgt eftir á göngudeild Vogs. Náin eftirfylgd er með lyfjatöku og vímuefnaneyslu.

Tekin er ákvörðun um aðlögun að skammti eða niðurtröppun í reglulegum viðtölum auk slembiúrtaka vímuefnaleitar í þvagi.

Nákvæm talning og skrá er yfir hverja töflu sem afhent er og mikil vinna vegna eftirritunarskyldu frá Lyfjastofnun og upplýsinga til Landspítala/SÍ sem greiða lyfin.

### ● Læknismeðferð og eftirfylgd

Inngrip er alla daga ef bregðast þarf við frávikum, bakslagi í neyslu, veikindum o.fl., oftast í viðtölum á göngudeild Vogs. Fyrir suma er meðferðin eingöngu skaðaminnkandi, t.d. hjá fólki í sífelldri hættulegri neyslu eða með vitræna skerðingu. Undirbúin viðtöl eru reglulega, önnur viðtöl eru eftir atvikum.

Lyfseðlar fara rafrænt í lyfjagátt og lyfjagagnagrunn landlæknis en leyst úr þeim eingöngu á hjúkrunarvakt Vogs, lyfjaafhendingar og samtöl þar eru yfir 7000 á ári.

Flett er upp í lyfjagagnagrunni landlæknis varðandi önnur lyf einstaklingsins, en almennt eru ekki gefin ávanabindandi lyf með viðhaldsmeðferð.

### ● Mikil þjónusta samhliða meðferð

Einstaklingur á viðhaldsmeðferð er í upphafi í annarri meðferð við fíknjúkdómnum hjá SÁÁ og einnig á stundum hjá Landspítala en góð samvinna er á milli sjúkrahúsanna um þessa sérhæfðu meðferð. Hluti sjúklínganna heldur áfram í annarri meðferð samhliða til langs tíma.

### ● Umgjörð viðhaldsmeðferðar

Þörf er á lagaumgjörð um þessa sérhæfðu meðferð, vegna sérstöðu um lyfjagjöf og afhendingu sem ekki passar í gildandi lög. Einnig er þörf á klínískum leiðbeiningum. Þetta hefur lengi verið ljóst og óskað eftir við Lyfjastofnun, Velferðarráðuneytið og Embætti landlæknis.

Meðferðin hefur þróast hjá SÁÁ frá 1999 og aðlagast þörfum, hún þarf mikið aðhald, inngrip, eftirlit, sveigjanleika og nákvæmni, enda veitt til skemmri og lengri tíma, einnig ýmist til skaðaminnkunar eða bata.

**Heildarkostnaður** við rekstur  
**viðhaldsmeðferðar SÁÁ**  
á Sjúkrahúsinu Vogu eru rúmar  
**81 milljón króna**

Ríkisframlag er **25.000.000 kr.**

Mönnun	Stöðugildi
Læknir	0,60
Hjúkrunarfræðingur	1,20
Sjúkraliði	1,13
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi	0,41
Læknaritari	0,30
Stoðþjónusta	0,23
<b>Samtals</b>	<b>3,87</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>43.925.513</b>

Rekstur	Kostnaður á ári
*Lyf vegna viðhaldsmeðferðar	31.244.951
Lyfjaleit í þvagi	317.746
Sjúkraflutningar og fl. sjúklinga	99.651
Símakostn v/vakta og sjúklinga	219.038
Rekstur hugbúnaðar	1.301.080
Burðar- og innheimtugjöld	168.248
Húsaleiga	2.854.995
Sam. kostnaður v/stoðþjónustu	973.223
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>37.178.933</b>

<b>Heildarrekkstrarkostnaður</b>	<b>81.104.446</b>
----------------------------------	-------------------

\*Sjúkratryggingar Íslands greiða lyfin

# Sjúkrahúsið Vogur

## Ungmennameðferð

Árið 2019 voru 158 innritanir yngri en 20 ára og 277 innritanir yngri en 22 ára

### ● Enginn biðlisti

Ungmennirnir fá oftast innlögn innan 10 daga og kemur innlagnarbeiðni frá einstaklingum, aðstandendum, heilbrigðisstarfsfólki eða barnaverndaryfirvöldum. Ungmennameðferðin hefur þróast mikið síðustu ár með breyttri nálgun, umgjörð og eftirfylgd. Einnig er samgangur við aðra sjúklinga á sjúkrahúsinu, hverfandi í dag.

Undirbúningur er með samtali og mati fyrir innlögn. Teymið leggur mat á líkamlega og andlega heilsu í upphafi og viðeigandi meðferð er hafin. Innlögn er 10 dagar eða styttri eftir aðstæðum. Áhersla er lögð á samvinnu og mikilvægt að ungmennum líði vel og vilji koma aftur ef á þarf að halda. Einstaklingur getur yfirgefið ungmennadeildina ef hann óskar og er þá alltaf haft samráð við vakthafandi lækni og forráðamenn eða aðstandendur.

Samráð er haft við forráðamenn um gang meðferðar hjá þeim sem eru ólöggráða. Eftir útskrift á Vogu stendur ungmennum til boða áframhaldandi meðferð á Vík og/eða áframhaldandi meðferð á göngudeild. Boðið er upp á foreldrafærslu og stuðningshóp fyrir aðstandendur á göngudeild Vogs, alla þriðjudaga kl. 16.15.

### ● Sinna þarf fjölpættum vanda

Fyrstu dagana þarf oftast afeitrun með lyfjum og sinna þarf bæði líkamlegri heilsu og geðheilsu. Ef ungmenni kemur undir áhrifum þarf að fylgjast náið með hegðun og einkennum um ofskammta, síðan fráhrarfeinkennum og fylgikvillum, og meðhöndla það. Það getur þurft dvöl á sérstakri hjúkrunargát í upphafi.

Sum þeirra ólöggráða, koma úr miklum félagslegum vanda auk vímuefnaneyslunnar. Innlögn á Vog er hvorki upphaf né endir á þeirri stöðu, þótt verkefni sé að bæta hana. Þau hafa sum hver verið í mikilli áhættuhegðun, hegðunarvanda og afbrotum og verið í umsjá barnaverndaryfirvalda og lögreglu. Þau lenda á milli í heilbrigðiskerfinu og eiga ekki vísan stað á barnadeildum eða fullorðinsgeðdeildum, og því oft mikill aðsteðjandi vandi fyrir barnaverndaryfirvöld. Allt kapp er lagt á að tryggja öryggi þeirra og fá þau til samstarfs. Umgjörð deildarinnar og sérmeðferðardagskrá eru þar mikilvæg.

Allt starfsfólk sjúkrahússins sinnir ungmennadeildinni daglega, þ.e.a.s. læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar, en sérstaklega sálfræðingur og ráðgjafar deildarinnar.

### ● Vakt áfengis- og vímuefnaráðgjafa allan sólarhringinn

Ungmennadeildin er á sérstökum gangi sem lokuð er öðrum sjúklingum. Allt meðferðarstarf fer fram inni á deildinni og þar er sólarhringsvakt ráðgjafa alla daga, dagskrá alla daga, fræðsluerindi, hópmeðferð, samvera, verkefni og einstaklingsviðtöl. Morgunmatur og lyfjagjafir eru inni á deildinni sjálfri.

Á deildinni starfa áfengis- og vímuefnaráðgjafar í 5,5 stöðugildum, sálfræðingur og lækni. Hjúkrunarvakt er til staðar allan sólarhringinn. Ungmennirnir hafa sérstaka setustofu og hugað er að fallegu umhverfi fyrir þau á deildinni. Þau fá umbun umfram aðra sjúklinga á Vogu, t.d. pizzu, sjónvarpsþætti, bíómyndir, spil og göngutúra.

Mönnun	Stöðugildi
Læknir	0,50
Hjúkrunarfræðingur	0,50
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi	5,51
Sálfræðingur	0,90
Eldhús	0,90
Ræsting	0,45
Þvottahús	0,14
Stoðþjónusta	0,49
<b>Samtals</b>	<b>9,39</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>81.696.780</b>

Rekstur	Kostnaður á ári
Lyfjakostnaður	2.492.428
Hjúkrunarvörur	252.474
Rannsóknir á Vogu	341.586
Annar rannsóknarkostnaður	123.978
Námsferðir og ráðstefnugjöld	186.308
Fatnaður og lín	120.125
Áhöld og tæki	330.463
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	307.313
Sjúkraflutningar og fl. sjúklinga	106.641
Símakostn v/vakta og sjúklinga	158.207
Rekstur hugbúnaðar	2.065.602
Pappír, prentun og ritföng	358.502
Burðar- og innheimtugjöld	421.162
Mötuneyti sjúklinga	3.449.071
Þvottahús	47.237
Ræsting	659.823
Húsaleiga	11.681.332
Annar húsnæðiskostnaður	4.118.701
Sam. kostnaður v/stoðþjónustu	1.545.095
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>28.766.047</b>

<b>Heildarrekkstrarkostnaður</b>	<b>110.462.827</b>
----------------------------------	--------------------



# Vík á Kjalarnesi

## 28 daga framhaldsmeðferð

663 innritanir

Kostnaður á legudag er 22.700 kr.

### ● Framhaldsmeðferð

Inniliggjandi framhaldsmeðferð er mjög mikilvægt úrræði, sérstaklega fyrir þá sem eru af landsbyggðinni og einnig þá sem búa við erfiðar heimilis-aðstæður og/eða lítinn félagslegan stuðning. Meðferð á Vík tekur við eftir að afeitrun á Vogu er lokið og lágmarksjafnvægi er náð. Þar er boðið upp á sérhæfð meðferðarúrræði, hvert þeirra er í 28 daga og felur í sér 40-48 fyrirlestra, 36-44 hópmeðferðir, 20-28 verkefnatíma, ásamt að lágmarki 4-6 einstaklingsviðtöl. Meðferðarúrræðin fara fram í tveimur aðskildum byggingum, eru algjörlega kynjaskipt og lögð er áhersla á dagskipulag með hreyfingu, reglu í matmálstímum og svefni, samveru og stuðningi. Þar er unnið eftir áfallamiðaðri nálgun og stuðst við verkefnabækur.

Á Vík gefst tími og næði til að kenna leiðir til að fást við fíkn, bæta úrlausnargetu, og stuðla að betri félagslegum samskiptum. Fræðsla (psychosocial education), hópmeðferð, og jafningjaverkefnavinna eru gagnreyndar leiðir til að stuðla að breytingum. Þar er sólarhringsvakt og kemur heilbrigðisstarfsfólk SÁÁ að meðferðinni í þverfaglegu teymi; læknar, sálfræðingar og áfengis- og vímuefnaráðgjafar, sem bera uppi meðferðina frá degi til dags. Kynning frá Vinnumálastofnun og samtal við barnavernd er veitt eftir óskum. Möguleiki er á lengri meðferð á Vík þegar þörf er talin á því.

### ● Kvennameðferð

Kvennameðferð mætir sérþörfum kvenna og stuðlað er að öruggu umhverfi fyrir konur til að auðvelda þeim að takast á við sinn vanda. Konur sæta oft meiri fordómum og fá minni stuðning frá sínu nærumhverfi og því miðar meðferðin að því að skapa samstöðu kvenna og rjúfa þá félagslegu einangrun sem konur í neyslu upplifa. Megináherslan er á að læra að fást við fíkn (fíknispjörun) og kenna leiðir til að takast á við streitu, byggja upp sjálfstraust og efla samskipti við fjölskyldu.

### ● Karlameðferð

Karlameðferð er fyrir menn yngri en 55 ára sem ekki hafa farið áður í meðferð. Endurhæfingin miðar að því að þjálfa færni til að tileinka sér edrú líf, og er í fyrstu lögð áhersla á að styðja við grunnþarfir hvers og eins og byggja upp færni til að fast við fíkn (fíknispjörun). Þegar lengra er náð er áhersla lögð á að skoða einstaklingshæfðar bakslagsvarnir (relapse prevention).

### ● Meðferð fyrir endurkomumenn

Meðferðin (Víkgameðferð) er fyrir þá menn sem eiga meðferðir að baki og þekkja jafnvel bata og aðdraganda bakslags í neyslu. Meðferðinni er m.a. beint að bakslagsvörnum, fíknispjörun og einstaklingshæfðri ætlu fyrir lengri bata.

### ● Meðferð fyrir eldri karla

Meðferð fyrir eldri karla er fyrir menn 55 ára og eldri. Þeir eiga margt sameiginlegt og áhersla er m.a. á að vinna gegn einangrun, taka á ýmsum undirliggjandi heilsufarsvanda og huga að félagslegum tengslum.

**Heildarkostnaður** við rekstur meðferðarstöðvarinnar Víkur eru rúmar **374 milljónir króna**

Ríkisframlag er **232.727.200 kr.**

Mönnun	Stöðugildi
Læknir	1,00
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi	11,25
Sálfræðingur	0,25
Eldhús	5,1
Ræsting	1,5
Stoðþjónusta	0,83
<b>Samtals</b>	<b>19,93</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>216.115.335</b>

Rekstur	Kostnaður á ári
Námsferðir og ráðstefnugjöld	368.970
Fatnaður og lín	118.604
Áhöld og tæki	641.939
Sjúkrafl. og flutningur sjúklinga	2.992.563
Símakostn v/vakta og sjúklinga	502.437
Rekstur hugbúnaðar	2.177.350
Pappír, prentun og ritföng	654.954
Mötuneyti sjúklinga	27.815.396
Ræsting	2.510.050
Húsaleiga	99.447.957
Annar húsnæðiskostnaður	18.052.107
Sam. kostnaður v/stoðþjónustu	2.930.991
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>158.213.318</b>

<b>Heildarrekkstrarkostnaður</b>	<b>374.328.653</b>
----------------------------------	--------------------

# Göngudeildir

## Reykjavík og Akureyri

27.000 komur í göngudeildir SÁÁ  
3.500 einstaklingar sóttu úrræðin  
180 börn fengu sértæka sálfræðimeðferð

### Viðtalsþjónusta

Viðtalsþjónusta við ráðgjafa á göngudeild er veitt alla virka daga, bæði fyrir fólk með fíknsjúkdóm og aðstandendur.

### Grunnmeðferð

Nýtt úrræði fyrir þá sem ekki þurfa innlögn vegna afeitrunar og geta nýtt sér göngudeild ef heilsa og aðstæður leyfa, til að hefja bata frá fíknsjúkdómi.

### Dagmeðferð

Hægt er að sækja dagmeðferð á göngudeild í Reykjavík. Dagmeðferð hentar þeim sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, búa við góðar félagslegar aðstæður og góða líkamlega heilsu. Hún getur komið í framhaldi af Grunnmeðferð í göngudeild eða innlögn á sjúkrahúsið Vog.

### Eftirfylgni og stuðningur

Að lokinni meðferð á Sjúkrahúsinu Vogu og/eða innliggjandi eftirmeðferð á Vík er boðið upp á áframhaldandi meðferð á göngudeildum SÁÁ. Úrræðin eru mislög, í 3-12 mánuði, jafnvel lengur. Mismunandi hópar fá mismunandi úrræði. Stuðningshópur er einnig í boði alla virka daga.

### Fjölskyldumeðferð

Er fyrir aðstandendur fólks með fíknsjúkdóm, að henni lokinni geta þátttakendur nýtt sér vikulega eftirfylgni á göngudeild.

### Sálfræðiþjónusta barna

Í göngudeildinni í Reykjavík, er veitt sálfræðiþjónusta fyrir börn á aldrinum 8-18 ára sem eru aðstandendur fólks með fíknsjúkdóm. Meðferðin er sérhæft inngrip sálfræðings í 8 viðtölum.

### Foreldrahópur og fræðsla

Vikulega er opinn stuðningshópur með áfengis- og vímuefnaráðgjafa og fræðslufyrirlestrar fyrir aðstandendur ungs fólks.

### Ungmennameðferð

Vikulega er opinn meðferðarhópur með áfengis- og vímuefnaráðgjafa og sálfræðingi fyrir ungt fólk með fíknsjúkdóm.

### Meðferð fyrir fólk með spilafíkn

Fólk með spilafíkn og aðstandendur þeirra geta fengið einstaklingsviðtöl við áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Einnig er boðið upp á helgarmeðferð við spilafíkn og vikulega stuðningshópa.

### Opinn kynningarfundur

Er haldinn vikulega þar sem úrræði SÁÁ eru kynnt.

### Opin fyrirlestraröð fyrir alla

Boðið er upp á fyrirlestra í göngudeildinni í Reykjavík fjóra daga vikunnar. Fyrirlestrarnir eru í boði fyrir alla sem vilja afla sér þekkingar um fíknsjúkdóminn.

**Heildarkostnaður** við rekstur  
**göngudeilda SÁÁ**  
eru tæpar **196 milljónir króna**

Ríkisframlag er **100.000.000 kr.**

Mönnun	Stöðugildi
Læknir	0,33
Áfengis- og vímuefnaráðgjafi	8,00
Sálfræðingur	2,25
Móttökuritari	1,00
Eldhús	0,47
Ræsting	0,63
Stoðþjónusta	0,69
<b>Samtals</b>	<b>13,37</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>133.401.743</b>

Rekstur	Kostnaður á ári
Ferðakostnaður	3.859.778
Áhöld og tæki	1.682.599
Símakostn v/vakta og sjúklinga	749.982
Rekstur hugbúnaðar	2.151.390
Pappír, prentun og ritföng	535.633
Mötuneyti sjúklinga	2.851.504
Ræsting	542.895
Húsaleiga	36.807.943
Annar húsnæðiskostnaður	8.842.312
Sameiginlegur kostnaður	4.501.086
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>62.525.122</b>

Heildarrekstrarkostnaður	195.926.865
--------------------------	-------------

Þar af Akureyri	30.210.444
-----------------	------------

# Heildstæð heilbrigðisþjónusta

## Uppbygging heildstæðrar þjónustu

SÁÁ er ekki einkaaðili í heilbrigðisrekstri heldur grasrótarsamtök sem urðu að almannafélagi. Meginmarkmið SÁÁ er að vinna gegn fordómum og vanþekkingu á áfengis- og vímuefnafíkn og bjóða bestu meðferð og þjónustu sem völ er á.

## Greining og eftirlit

Áfengis- og vímuefnafíkn er sjúkdómur sem auðvelt er að greina. Hann verður til vegna endurtekinnar neyslu vímuefna þar sem flókið samspil erfða og umhverfisþátta veldur því að sjúklegar breytingar geta orðið í heila sem hefur m.a. áhrif á hegðun. Sjúkdómurinn þróast og neyslan lætur ekki að stjórn. Þetta hefur áhrif á líf viðkomandi og afleiðingarnar oft geðrænar, líkamlegar og félagslegar. Tækifæri og hæfni glatast. Þjónustan sem sjúklingarnir fá er í höndum heilbrigðisstarfsfólks með réttindi og á ábyrgð forstjóra sjúkrahússins Vogs. Þjónustan er undir faglegu eftirliti Embættis landlæknis og reksturinn undir eftirliti Sjúkratrygginga Íslands.

## Velvild og verðmæti

SÁÁ sinnir fyrst og fremst þeim geðheilbrigðisvanda sem fíknsjúkdómurinn veldur og snertir einstaklinga, börn þeirra, fjölskyldur og samfélagið allt. SÁÁ býður upp á fagþekkingu, áratuga reynslu og fyrsta flokks aðbúnað. Allur húsakostur samtakanna er byggður fyrir söfnunarfé og er sérhannaður fyrir starfsemina. Fá dæmi eru um almannaheillasamtök sem njóta velvildar og stuðnings líkt og SÁÁ gerir. Þjónustan er heildstæð og samfelld og skapar mikil verðmæti í samfélaginu.

## Gagnagrunnur SÁÁ

Einstakar upplýsingar um faraldsfræði áfengis- og vímuefna-sjúkdómsins á Íslandi er að finna í gagnagrunninum á Vog. Nákvæmar vímuefnagreiningar og kerfisbundnar upplýsingar um yfir 300 breytur hafa verið færðar í gagnagrunninum um hverja komu sem hluti af sjúkraskýrslugerð hvers sjúklings í áratugi.

Þessi gögn hafa verið uppspretta margra mikilvægra rannsókna í samvinnu við Íslenskar og erlendar stofnanir og upplýsingar úr grunninum nýtast samtökunum til að skipuleggja og gæðastýra meðferðinni.

## Biðlistinn

Í dag bíða yfir 500 manns eftir innlögn á Sjúkrahúsið Vog. Vaxandi þörf á þjónustunni samhliða hægfaru niðurskurði á framlögum ríkisins hefur orðið til þess að biðlisti eftir meðferð er í sögulegu hámarki. Á næstu 10 árum, að óbreyttu, munu 6-7 þúsund einstaklingar sem í dag eru á aldrinum 6-25 ára, koma í meðferð til SÁÁ í fyrsta sinn. Á sama tíma mun svipaður fjöldi einstaklinga sem þegar hafa greindan fíknsjúkdóm, þurfa endurinnlögn í afeitrun og meðferð.

## Nýsköpun eða niðurgreiðslur

Stór hluti af núverandi heilbrigðisþjónustu SÁÁ er ófjármagnaður. Tækifæri sem við höfum til sóknar glatast á meðan sértekkur og fjáraflanir SÁÁ renna að mestu leyti í niðurgreiðslur á lögbundinni heilbrigðisþjónustu sem veitt hefur verið í áratugi. Fjáraflanir SÁÁ ætti fremur að nýta til uppbyggingar og nýsköpunar á þjónustu sem skortir í samfélaginu.

## Endurhæfingar- og áfangahús fyrir konur

Til viðbótar við þá þjónustu sem SÁÁ sinnir og hér hefur verið fjallað um þarf að nefna búsetuúrræðið Vin. Vin er sambýli 22 karla sem eru í langtímameðferð og stuðningi hjá SÁÁ í framhaldi annarrar meðferðar við fíknsjúkdómi. Um er að ræða einstaklinga sem hafa lokið mörgum meðferðum, flestir húsnaðislausir og nota vímuefni í æð. Úrræðið hefur verið rekið í 10 ár í þríhliða samstarfi Velferðaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og SÁÁ og gefist vel. Mikill skortur er á sambærilegu úrræði fyrir konur. Hægt væri að byggja á fenginni reynslu og opna samskonar úrræði fyrir þær. SÁÁ hefur endurtekið lýst vilja til að sinna slíku verkefni, í samráði við velferðarsvið og yfirvöld í faginu.

## Í framtíðarsýn SÁÁ er áframhaldandi þróun:



**Endurhæfingar- og áfangahús fyrir ungar mæður í bata og börn þeirra:**

- Átakanlegur skortur er á slíku úrræði.
- Með þríhliða samstarfi ríkis, borgar og SÁÁ væri hægt að byggja upp þjónustuna á skömmum tíma.

**Tryggja aðgengi í afeitrun og viðhalds-meðferð á sjúkrahúsinu Vog:**

- Svára brýnni þörf fyrir afeitrun.
- Veita öllum sem þess þurfa viðhalds-meðferð (skaðaminnkun vegna óþjófakvæmna og sprautuneyslu).



**Langtímaúrræði fyrir veikasta fólkið (búsetuúrræði með virkni)**

- Langveikir einstaklingar eru nánast á veggangi og eru þung byrði á félagsþjónustu, heilsugæslu og bráðamóttöku.
- Með samvinnu ríkis og borgar væri hægt að byggja upp búsetu- og virkniúrræði á Vík og nýta landið undir gróðurhús og aðra uppbyggjandi og heilbrigða starfsemi.
- Öll nauðsynleg stoðþjónusta er þegar til staðar.



**Viðbótarúrræði ráðgjafa og sálfræðinga í göngudeild í framhaldi af meðferð:**

- Kvíði
- Svefnvandi
- Áfallastreita
- Þunglyndi
- Félagsleg uppbygging
- Færninám
- Meðferð við níkotínfíkn
- Endurhæfing ungra kvenna
- Endurhæfing eldri borgara
- Tenging við atvinnulíf - virkni



# SÁÁ í rúm 40 ár

## Ártöl úr sögu samtakanna



**1977**

- SÁÁ stofnað eftir fjölmennan borgarafund í Háskólabíó 1. okt.
- Reykjadalur, leigt af Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.



**1978**

- Lágmúli 9, leigt undir fræðslu- og leiðbeiningastöð.
- Sogn í Ölfusi, leigt af Náttúruvæðingafélagi Íslands.



**1979**

- Silungapollur, leigt af Reykjavíkurborg.



**1980**

- Staðarféll í Döllum, samningur um afnot við ríkið.
- Síðumúli 3-5, efri hæð keypt á byggingarstigi.



**1983**

- Sjúkrahúsið Vogur byggt og vígt 28. des.



**1991**

- Meðferðarstöðin Vík byggð á eignarlandi.



**1992**

- Félagsheimilið Úlfaldinn stofnsett.



**1993**

- Áfangaheimili fyrir karla, Miklubraut 1 keypt og stofnsett.
- Áfangaheimili fyrir konur, Eskihlíð 3 keypt og stofnsett.



**1995**

- Húsnæði fyrir áfangaheimilið Fjóluna á Akureyri keypt.
- Forvarnadeild stofnsett.
- Kvennameðferð hefst á Vík.



**1996**

- Húsnæði meðferðarstöðvarinnar á Staðarfélli endurbýgt.
- Lóð keypt við Efstaleiti í Reykjavík.
- Skrifstofur fluttar og innréttaðar í Ármúla 18.



**1997**

- Hafnin undirbúningur að viðbyggingum við Vog.
- Keypt íbúðarhúsnæði fyrir starfsemi SÁÁ á Akureyri.



**1998**

- Byggingarfrankvæmdir hafnar við staðkun Sjúkrahússins Vogs.



**1999**

- Viðhaldsmeðferð við óþióíða-fíkn hefst á göngudeild á Vog.



**2000**

- Unglingadeild við Vog opnuð í ársbyrjun.
- Göngudeild við Vog tekur til starfa.



**2005**

- Hús fyrir göngudeild og skrifstofur byggt á lóð við Efstaleiti 7.



**2007**

- Sálfraeðipjónusta fyrir börn fólks með fíknjúkdom.



**2008**

- Áfangaheimili Vin, leigt við Stórhöfða.



**2013**

- Ný álma við Sjúkrahúsið Vog byggð.



**2016**

- Meðferðaráttak við lífrabólgu C.
- Hafnar frankvæmdir við byggingu á endurhæfingarstöð á Vík.



**2017**

- Starfsemi hafin í nýju húsnæði á Vík.
- Húsnæði við Stórhöfða keypt fyrir áfangaheimilið Vin.